

## **Reglur um þjónustutryggingu**

### **Skilgreiningar**

#### **1.gr.**

Þjónustutrygging er tímabundin greiðsla til foreldra/forráðamanna þar til leikskólaláss býðst fyrir barn hjá leikskólum Reykjavíkurborgar eða niðurgreiðsla frá Leikskólasviði vegna annarrar þjónustu, s.s. vistun hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Þjónustutrygging er 35.000 krónur á mánuði fyrir hvert barn.

### **Skilyrði**

#### **2.gr.**

Greiðsla þjónustutryggingar er bundin því að barn sé með lögheimili og aðsetur í Reykjavík og uppfylli skilyrði um að fá aðgang í leikskóla, þ.m.t. að foreldrar/forráðamenn séu skuldlausir við Leikskólasvið.

Réttur til þjónustutryggingar skapast einungis ef barn er á biðlista eftir leikskólalássi eða annarri niðurgreiddri þjónustu, s.s. hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Þjónustutrygging fellur niður þegar foreldrum/forráðamönnum býðst leikskólaláss fyrir barn eða niðurgreiðsla frá Leikskólasviði vegna annarra dagvistunarúrræða. Þó geta foreldrar/forráðamenn, þar til barnið verður 24 mánaða, valið að nýta sér þjónustutryggingu í stað leikskólaláss eða niðurgreiðslu frá Leikskólasviði vegna annarra dagvistunarúrræða.

Einstæðum foreldrum/forráðamönnum stendur til boða þjónustutrygging þegar barn nær 6 mánaða aldri en foreldrum/forráðamönnum í hjúskap eða sambúð þegar barn nær 9 mánaða aldri.

Foreldrar/forráðamenn í hjúskap eða í sambúð skulu skipta á milli sín þjónustutryggingu. Hvor aðili um sig getur tekið allt að 2/3 þess tíma sem sótt er um. Hvort foreldri/forráðamaður um sig þarf að sækja um þjónustutryggingu sjálfur í gegnum Rafræna Reykjavík eða a.m.k. samþykka tillögu hins foreldrisins/forráðamannsins um skiptingu á tíma þjónustutryggingar. Hægt er að sækja um þjónustutryggingu að hámarki til eins árs í senn en hafi foreldrum/forráðamönnum hvorki boðist leikskólaláss fyrir barn né niðurgreiðsla vegna annars dagvistunarúrræðis framlengist umsóknin sjálfkrafa.

Þjónustutrygging er greidd inn á bankareikning þess foreldris/forráðamanns sem fær þjónustutryggingu.

**Afgreiðsla  
3.gr.**

Sótt er um þjónustutryggingu rafrænt í gegnum Rafræna Reykjavík.

Afgreiðsla umsókna er hjá Leikskólasviði Reykjavíkur.

Réttur til þjónustutryggingar skapast frá umsóknardegi. Umsóknir sem berast 20. hvers mánaðar eða fyrr, koma til greiðslu 3. dag næsta mánaðar. Umsóknir sem berast síðar í mánuðinum koma til greiðslu 3. dag þarnaesta mánaðar.

Þjónustutrygging er greidd í 11 mánuði á ári, ekki er greidd þjónustutrygging í júlí.

**Ofgreiðsla  
4.gr.**

Verði um ofgreiðslu að ræða á þjónustutryggingu áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að endurkrefja hina ofgreiddu fjárhæð ásamt dráttarvöxtum.

**Skattaleg meðferð  
5. gr.**

Um skattalega meðferð fer samkvæmt lokamálslið 2. töluliðar A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 174/2006.

**Gildistími  
6. gr.**

Reglur þessar taka gildi 1. september 2008.

Samþykkt í leikskólaráði 29. ágúst 2008

---

Leikskólaráð Reykjavíkur setur reglur þessar í samræmi við ákvörðun sem tekin var í leikskólaráði 9. apríl 2008 um að allir foreldrar/forráðamenn geti sótt um þjónustutryggingu frá lokum fæðingarorlofs.

Nánari upplýsingar veita símaver Reykjavíkurborgar og þjónustumiðstöðvar borgarinnar í síma 411 1111 og starfsmenn fjármálaþjónustu Leikskólasviðs Reykjavíkur í síma 411-7000.